



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 25. júní 2021

Efni: Umsögn um drög að breytingareglugerð vegna 1. breytingar á reglugerð nr. 1065/2014 um velferð nautgripa

Tilv. 202106-0001

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt stjórnvalda, dags. 7. júní 2021, þar sem óskað var umsagna um drög að breytingareglugerð vegna 1. breytingar á reglugerð nr. 1065/2014, um velferð nautgripa, mál nr. 126/2021. Bændasamtök Íslands óskuðu eftir fresti til að skila umsögn og var hann veittur til 28. júní. Helstu breytingar í drögunum snúa að bættri aðstöðu fyrir nautgripi og skýringu orðalags í núgildandi reglugerð. Bændasamtökin hafa farið yfir drögin og gera eftirfarandi athugasemdir.

Almennt

Í texta sem birtur er í Samráðsgátt til kynningar á drögunum eru boðaðar frekari breytingar á viðauka við reglugerð um velferð nautgripa nr. 126/2021. Gerðar eru athugasemdir við að þær breytingar er hvergi að finna í drögum breytingareglugerðarinnar eins og hún liggur fyrir til kynningar. Ekki er heldur að finna uppfærðan viðauka þar sem finna má uppfærslur og skýringar á básalengdum, fóðurgöngum o.s.frv. Bændasamtökin áskilja sér rétt til að gera frekari athugasemdir ef til slíkra breytinga kemur. Þá er í Samráðsgátt vísað til þess að tillögurnar séu byggðar á reynslu af framkvæmd eftirlits Matvælastofnunar og bænda sem starfa á grundvelli reglugerðarinnar. Vakin er athygli á því að ekki var haft samráð við samtök bænda við gerð tillagna að breytingum sem liggja fyrir.

Breyttar kröfur vegna nautgripa á útigangi

Í a-lið 1. mgr. 5. gr. lagt til að allir nautgripir skuli komast á beit á grónu landi í átta vikur að lágmarki á tímabilinu 15. maí til 15. október ár hvert. Undantekning er gerð að því er varðar kálfa sem fæddir eru á viðkomandi ári svo og graðnaut. Aðgangur að útigerði uppfylli ekki kröfur um útivist á grónu landi. Bændasamtökin telja slíkt fyrirkomulag almennt jákvætt en lýsa áhyggjum af aldri kálfa þegar þeir eru settir í hagabeit. Þeir sem fæðast á síðustu mánuðum næstliðins árs eru enn á viðkvæmu aldursskeiði í byrjun maí og fram á sumar. Fyrstu 12 mánuðir kálfa eru viðkvæmir með tilliti til brottfalls kjarnfóðurs og mögulegs vaxtartaps á þeim tíma. Óljóst er hvaða áhrif slæmt veðurfar getur haft á kálfa á þessum aldri. Því er lagt til að miðað sé við að kálfar hafi náð 12 mánaða aldri þegar þeir skulu settir í hagabeit.

Í b-lið 1. Mgr. 5. gr. er fjallað um breytingar á kröfum vegna nautgripa á útigangi. Gerð er krafa um skjól eða húsakost með a.m.k. þremur veggjum og þaki. Kröfurnar eru til þess fallnar að auka verulega þann kostnað sem leggjast á framleiðslu nautakjöts. Bændasamtökin leggja til að horft verði til reglugerðar um velferð hrossa nr. 910/2014. Í síðastnefndri reglugerð er tekið tillit til þess að fullnægjandi náttúrulegt skjól geti verið til reiðu og þar sem það er ekki fyrir



hendi skuli bjóða upp á aðgang að manngerðum skjólveggjum, sem veita skjól frá veðri úr helstu áttum. Líta þarf til rannsókna þegar lágmarkskröfur eru skilgreindar í reglugerðum en horfa þarf til fóðrunar, kyns og aðstæðna frekar en tegundar skjóls eingöngu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir